

mít

Ársskýrsla 2019–2020


Menntaskóli í tónlist

HLUTVERK OG SKIPULAG MÍT

Menntaskóli í tónlist býður upp á fjölbreytt tónlistarnám í háum gæðaflokki.


Hlutverk skólans felst í því að undirbúa tónlistarnemendur undir háskólanám og atvinnumennsku í tónlist og jafnframt að veita nemendum staðgóða menntun sem nýtist þeim vel sama hvað þeir taka sér fyrir hendur.

Í Menntaskóla í tónlist eru öflug klassísk og rytmísk deild, en það gerir nemendum betur kleift að móta nám sitt eftir eigin áhugasviðum og hæfileikum. Þannig er auknum kröfum samfélagsins og tónlistarlífsins mætt á áhugaverðan hátt en síaukin eftirspurn er eftir því að tónlistarmenn geti brugðist við ólíkum aðstæðum og séu vel heima í ólíkum tónlistarstefnum. Einnig fer eftirspurn eftir starfskröftum í fjölbreytt störf innan tónlistarlífsins og tónlistariðnaðar stöðugt vaxandi.



MARKMIÐ

Með námi við Menntaskóla í tónlist er lagður grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar og lögð áhersla á að veita nemendum trausta grunnmenntun í tónlist, bæði þeim sem hyggjast starfa sem tónlistarmenn og einnig sem undirbúningur undir fjölbreytt nám og störf.



MARKMIÐ

Við skólann geta nemendur lokið stúdentsprófi með tónlist sem aðalnámsgrein og stundað áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsskólastigi. Nemendur geta mótað námið að eigin áhugasviði og sótt námskeið á ólíkum sviðum tónlistar. Lögð er sérstök áhersla á samleik og samvinnu nemenda og fá nemendur þjálfun í hljómsveitarleik og fjölbreyttu samspili. Jafnframt er lykilatriði að allir nemendur fái haldgóða kennslu í fræðigreinum tónlistar. Markmið skólans er að skapa umhverfi þar sem nemendur geta notið þess atlætis og þjálfunar sem nauðsynleg er til þess að þeir geti þroskast sem listamenn og skapandi einstaklingar. Þar er því boðið upp á breitt námsframboð á ólíkum sviðum tónlistar svo nemendur hafi aðgang að fjölbreyttum námskeiðum og geti dýpkað þekkingu sína á ólíkum sviðum tónlistar

NÁMSBRAUTIR *mít*



NÁM TIL STÚDENTSPRÓFS

Á stúdentsbrautum MÍT er m.a. lagður grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar og er námið góður valkostur fyrir þá sem stefna að því að hafa tónlist að atvinnu. Alls er námið 200 einingar og þar af 98 kjarnagreinar í tónlistargreinum. Námið í almennum bóknámsgreinum á brautinni miðast við skólanámskrá Menntaskólans við Hamrahlíð. Í boði eru þrjár námsbrautir til stúdentsprófs:

1. Stúdentsbraut í klassískri tónlist.
2. Stúdentsbraut í rytmískri tónlist.
3. Stúdentsbraut á popplínu



SKIPTING NEMENDA EFTIR BRAUTUM

Haust 2019

Klassísk tónlistarbraut (almenn)	81
Klassísk tónlistarbraut (stúdent)	16
Rytmísk tónlistarbraut - popplína (stúdent)	7
Rytmísk tónlistarbraut (almenn)	63
Rytmísk tónlistarbraut-popplína (almenn)	12
Rytmísk tónlistarbraut (stúdent)	14


BROTTHVARF

2019-2020

Árlegt brotthvarf nýnema fyrir MÍT skólaárið 2019-20 er 0.0% og árleg tilfærsla nýnema er 16.7%.

ENDURSKOÐUN NÁMSBRAUTA

Nú er komin þriggja ára reynsla á skólastarfið og námsbrautirnar. Skólinn stefnir að því að skoða námsbrautirnar heildstætt byggt á þeirri reynslu. Mikilvægt er að skoða hvað vel hefur gengið og hvar við getum bætt námið og námsbrautirnar svo námið sé í sem bestu jafnvægi og námsframvilda eðlileg. Skólinn stefnir að því að gera endurbætur og smávægilegar breytingar á námsbrautunum í góðu samstarfi við Menntamálastofnun





STARFSFÓLK

Starfsfólk við skólann skólaárið 2019-2020 voru alls 89 í um 31 stöðugildum. Kennarar voru alls 83 í liðlega 25 stöðugildi. Karlar voru talsvert fleiri í hópi kennara eða 51 á móti 32 konum. Aðeins fjórir kennarar af 83 eru í fullu starfi við kennslu og einungis 24 til viðbótar í hálfri stöðu eða meira. Meira en helmingur kennaranna eða alls 54 er því í minna en hálfu starfi og af þeim eru 44 ráðnir í þriðjung úr stöðu eða minna.


SJÁLFSMAT OG EFTIRFYLGNI

Skólaárið 2019-2020 var lögð áherslu á að kanna viðhorf nemenda til námsins á skólaárinu og að ná bæði utan um bóklegar greinar og einkakennslu en bróðurpartur hljóðfæra/söng kennslunnar fer fram í einkatímum. Nemendakönnunin litaðist óhjákvæmilega af ástandinu sem hafði skapast vegna heimsfaraldurs kórónuvírussins, en auk þess að kanna viðhorf nemenda til kennslu og líðan í skólanum var spurt um álit nemenda á viðbrögðum skólans við heimsfaraldri og þeim áskorunum í skólastarfinu sem fylgdu. Svörun könnunarinnar var um 24%, sem er aukning frá skólaárinu á undan, en hún hefði þó mátt vera betri, til þess að skýrari mynd næðist af viðhorfum nemenda. Flestir nemendur voru ánægðir með viðbrögð skólans, og kennara við faraldrinum, en augljóst var að nemendur söknuðu mikið að komast ekki í einkatíma til sinna aðalkennara.

Auk nemendakönnunar var haldinn vinnufundur í nóvember 2019 með kennurum en þar voru tekin fyrir ýmis atriði er varða stuðning við nemendur, en einnig aðstöðu til kennslu. Haldnir voru reglulegir rafrænir kennarafundir um ýmis málefni á vorönn, sem snerust mest um málefni tengd aðstæðum í skólastarfinu sem sköpuðust vegna takmarkana á skólastarfinu í samkomubanni.

SKÓLASTARF

Tónleikar, próf og viðburðir



VIÐBURÐIR – RYTMÍSK DEILD

Undir lok nóvember 2019 fór á svið í sal skólans í Rauðagerði fyrri söngsýning rytmísku deildarinnar undir heitinu Queen B þar sem nemendur fluttu lög söngkonunnar Beyoncé. Auk nemenda skólans kom þar fram danshópur undir stjórn Chantelle Carey. Seinni söngsýning rytmískrar deildar fór fram í marsbyrjun á elleftu stundu ef svo má segja. Hún bar yfirskriftina „Heyri ég hljóð“ en þar voru fluttar gamlar þjóðlagaperlur í nýjum búningi í flutningi 14 söngvara og fimm manna hljómsveitar. Stórsveit skólans undir stjórn Snorra Sigurðarsonar hélt sína árlegu tónleika á aðventunni í Hörpuhorni. Covid-19 faraldurinn og samkomutakmarkanir settu mark sitt á viðburðahald á vorönninni, og var eingöngu mögulegt að streyma útskriftartónleikum deildarinnar í maí.



VIÐBURÐIR – KLASSÍSK DEILD



Tvennir kammertónleikar deildarinnar voru haldnir í Safnahúsinu þann 9. og 30. nóvember. Einnig fóru fram fjölmargir hljóðfæradeildatónleikar, m.a. píanódeildartónleikar í Hannesarholti í nóvember. Árleg einleikarakeppni klassískrar deildar fór einnig fram í nóvember, en hefð er fyrir því að sigurvegari keppninnar leiki einleik með sinfóníuhljómsveit skólans að vori. Vegna COVID-19 faraldursins reyndist ekki hægt að halda tónleikana vorið 2020, og fór svo að fresta þurfti tónleikum hljómsveitarinnar til vorsins 2021. Vorið 2021 var tíðindalítið í viðburðahaldi vegna COVID-19 faraldurs og samkomutakmarkana, ef frá er talin röð útskriftar- og framhaldsprófstónleika í maí sem skólinn stóð fyrir og streymdi á youtube rás skólans.

COVID-19 faraldurinn og skólastarf í MÍT


Þann 16.mars 2020 lukuðu allir framhalds- og háskólar landsins skv fyrirmælum frá yfirvöldum heilbrigðis- og menntamála. Við tóku undarlegir tímar með mörgum nýjum og sumpart framandi áskorunum. Nær öll kennsla skólans færðist yfir í fjarnámsform og kennarar skólans stóðu frammi fyrir því að tileinka sér ný vinnubrögð og nota nýjar aðferðir til að ná til nemenda sinna. Ferlið gekk mun betur en við hefði mátt búast. Þar um réð mestu að kennarar voru staðráðnir í að láta þetta allt ganga sem best, nemendum sínum til hagsbóta.

Skólastjórnendur héldu fjarfundi daglega, og einnig voru haldnir fundir með ýmsum hópum nemenda og kennara. Samspilskenndu, og hljómsveitarstarf lá niðri á frá 16.mars. Fjarnámsvefur skólans var nýttur eins og hægt var, en kennarar nýttu fjölbreytta miðla við kenninguna og til þess að ná til nemenda sinna. Starfið gekk vel þegar á heildina er litið og skólastjórnendur fengu jákvæð viðbrögð frá nemendum og foreldrum. Ástandið sem skapaðist á þessum tíma varð til þess að ákveðinn hópur nemenda gat nýtt tíma sinn betur til æfinga og kom því nokkuð á óvart hversu mörg hljóðfæra- og söngpróf fóru fram í loka annarinnar.

Staðkenndu var í eina viku í maí, þegar opnað var í húsnæði skólans, og lögð var aðaláhersla á að þeir nemendur sem áttu að brautskrást væru í forgangi, hvað æfingaaðstöðu og aðra þjónustu í skólanum varðaði.

HÚSNÆÐISMÁL MÍT

Nú starfar MÍT á tveimur stöðum, í Rauðagerði 27 þar sem rytmíska deildin er til húsa og í Skipholti 33 þar sem klassíska deildin og bróðurpartur skrifstofunnar er til húsa. Það að skólinn sé starfræktur á tveimur stöðum hefur í för með sér nokkurt óhagræði fyrir nemendurna sem þurfa að koma sér á milli staða, því margir sækja áfanga í báðum deildum skólans. Því til viðbótar kemur að nemendur stúdentsbrautanna sækja nám í bóklegum greinum í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Það getur því komið fyrir að nemendur þurfa að mæta á þrjá staði á sama degi. Allt frá upphafi var stefnt að því að skólinn myndi sameinast undir einu þaki sem fyrst. Skólinn hefur gert greiningu á rýmisþörf sem og látið hana drög að útfærslu á hentugri skólabyggingu. Hann mun vinna áfram að því að þetta geti orðið að veruleika í samstarfi við ríki og borg og mun það styrkja samlegð menntunar í ólíkum tónlistargreinum enn frekar að kennsla þeirra fari fram undir sama þaki. Hljóðeinangrun í húsnæðinu í Skipholti er ábótavant og leitað verður leiða til að einangra stofurnar betur þangað til skólinn flytur í hentugra húsnæði.



FÉLAGSSTARF NEMENDA

Rytmísk og klassísk deild Nemendafélags MÍT voru sameinaðar í upphafi skólaársins. Starfið fór nokkuð seint af stað á skólaárinu, en félagið stóð fyrir ýmsum smærri viðburðum á haustönninni. Í byrjun vorannar var haldin söngkeppni og lagasmíðakeppni. Samkomubann frá 16.apríl setti strik í reikninginn, og var félagsstarf mjög takmarkað það sem eftir lifði annar.

FORELDRASAMSTARF

Í september 2019 var stofnað foreldrafélag við skólann og stjórnendur skólans binda miklar vonir við að foreldrafélagið muni geta stutt við starfsemi skólans og komið að stefnumótun hans. Jafnframt reynir skólinn eftir fremsta megni að koma til móts við góðar hugmyndir frá nemendum. Skólinn hefur í hyggju að virkja nemendur og foreldra enn meira í stefnumótunarvinnu m.a. með því að halda opna fundi með hugmyndavinnu um hvað megi betur fara í skólastarfinu. Þar verður óskað eftir og unnið áfram með góðar hugmyndir og að skólaþróun.

SAMSTARFSVERKEFNI

MÍT starfar náið með Menntaskólanum við Hamrahlíð í gegnum samstarfssamning og eru almennar bóknámsgreinar kenndar við þann skóla. Nemendur á stúdentsbraut hafa jafnframt aðgang að námsráðgjöfum við Menntaskólann við Hamrahlíð. Skólinn sækir einnig ráðgjöf og fær stuðning hjá Menntaskólanum við Hamrahlíð hvað sérúrræði varðar.

MÍT á einnig í nánú samstarfi við tónlistarskóla FÍH, en rytmísk deild skólans deilir húsnæði með honum. Samstarfið felst einkum í samspili nemenda, en einnig sækir talsverður fjöldi nemenda FÍH skólans áfanga MÍT í gestanámi, og FÍH þjónustar afmarkaðan hóp nýnema um áfanga í tónfræði.

Á næstu árum er áætlað að auka samstarf á ýmsum sviðum við aðra tónlistar- og framhaldsskóla héraendis og erlendis

LOKAORÐ

Stofnun Menntaskóla í tónlist árið 2016 var mikilvægt skref í að styrkja framhaldsmenntun í tónlist á Íslandi og stærsta breyting sem hefur orðið í tónlistarmenntun um áratugaskeið.

Skólinn byggir á gömlum grunni þeirra rötgrónu skóla sem að skólanum stóðu en samt sem áður markaði stofnun MÍT einnig nýtt upphaf í tónlistarmenntun á Íslandi. Nú er skólinn á fjórða starfsári sínu og mikil þróun og uppbyggingarstarf hefur þegar átt sér stað á þessum stutta tíma sem liðinn er frá stofnun hans. Námsframboð hefur aukist til muna og skólinn stendur fyrir ótal opinberum tónleikum á hverju starfsári. Í fyrsta sinn er tónlistarmenntun hluti af almenna skólakerfinu og nú geta nemendur útskrifast með stúdentspróf, með tónlist sem aðalnámsgrein, þar sem tónlistin vegur þyngra en hún hefur áður gert á tónlistarbrautum framhaldsskólanna. Það var mjög gagnlegt fyrir skólann að fara í gegnum ytra mat strax á öðru starfsári sínu 2018-2019 og niðurstöður þess vísa veginn við áframhaldandi þróun skólastarfsins. Enn er verið að þróa innra mat skólans og stefnt er að því að ljúka við heildstæða þriggja ára áætlun um sjálfsmat á vorönn 2021. Niðurstöður sjálfsmatsins styrkir skólastarfið enn frekar og hjálpar stjórnendum við vinnu að áframhaldandi uppbyggingu skólans.